

Nd.

202. Nefndarállit

um frv. til laga nm sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndinni hefir borist brjef frá sjera Stefáni Björnssyni á Hólumum, dags. 8. febr. 1929. Í brjefinu er allitarleg greinargerð á því, hve hlunnindi jarðarinnar af æðarvarpi og sildveiði hafi rýrnað tilfínnanlega á seinni tímum; einnig lýsir hann örðugleikunum á því, að sóknarpresturinn reki þar bú við hæfi jarðarinnar, sakir fólkseklu og annara örðugleika, og telur, að það sje síður en svo hagsmunamál fyrir prest yfir höfuð að tala að sitja á Hólumum. Hinsvegar telur hann til stórhagnaðar fyrir Eskifjarðarkaupstað að fá land til ræktunar í landi staðarins. Prestur hefir gert Eskifjarðarkaupstað tilboð um kaup á húsum þeim og mannvirkjum, sem eru hans eign á staðnum.

Meiri hluti allsherjarnefndar felst á röksemdaleiðslu prestsins og telur, að það sje hverju kaugtúni nauðsynlegt að hafa sem greiðastan aðgang að landi til ræktunar. Þar sem nú heimildin fyrir sölu umrædds hluta úr Hólmalandi, sem fullyrða má, að til meiri nytja yrði fyrir Eskifirðinga en Hólmaprest, er bundin því skilyrði, að sóknarprestur samþykki kaupin, þá telur meiri hluti nefndarinnar rjett að leggja til, að frv. verði samþykkt breytingalaust.

Þess skal getið, að nefndin hefir leitað álits biskups um frv., og er hann því mótfallinn.

Alþingi, 23. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form. og frsm.
Magnús Guðmundsson.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskrifari.
Magnús Torfason.